

Eystrahorn

44. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 6. desember 2018

www.eystrahorn.is

Undankeppni Söngvakeppni Samfés á Suðurlandi

USSS - Undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi var haldin í íþróttahúsinu við Heppuskóla föstudaginn 30.nóvember 2018. Þrykkjan sá um keppnina í ár og er það í fyrsta sinn sem við höldum þessa keppni því Þrykkjan sameinaðist Suðurlandi nú í vor. Það voru keppendur frá tólf félagsmiðstöðvum af Suðurlandi sem kepptu um þrjú sæti sem verða fulltrúar Suðurlands í Söngkeppni Samfés þann 23. mars 2019.

Þrykkjan átti einn keppenda sem komst áfram, Dagmar Lilju Óskarsdóttur sem söng lagið Heaven með Bryan Adams. Hún komst áfram í keppninni með þessu lagi og mun fara fyrir hönd Þrykkjunnar á Samfés sem verður sýnt í beinni á RÚV. Einnig komust keppendur Tvistsins í Rangárþingi eystra áfram, tvíburasysturnar Oddný Benónýsdóttir (aðal) og Freyja Benónýsdóttir (bakrödd), Einar Þór Sigurjónsson á bassa, Jón Agústsson á rafmagnsgítar og Bjarni Sigurðsson á trommur. Frá félagsmiðstöðinni Hellinum frá Rangárþingi ytra kom þau Aron Birkir Guðmundsson og Ragnheiður Jónsdóttir. Allir unglíngarnir stóðu sig mjög vel og var keppnin fjölbreytt og skemmtileg. Síðan var haldið ball fyrir unglíngana og sá XX DJ Spegill um tónlistina og hélt uppi fjörinu fram eftir kvöldi. Rúsinan í pylsuendanum var



svo Aron Can sem söng nokkur lög þrátt fyrir að vera handleggsbrotinn en hann brotnaði í umferðaslysi daginn fyrir keppnina.

Gestir okkar sem mættu hingað af Suðurlandi voru mjög sáttir með heimsóknina á Höfn og okkur sönn ánægja að fá þau í heimsókn.

Undirbúningshópur keppinnar færir öllum þeim sem komu að umgerð og vinnu við að gera þennan viðburð mögulegan kærlega fyrir alla aðstoðina, en mikil vinna liggur að baki svona viðburði sem samtals 380 unglíngar tóku þátt í. Það er ótrúlega

gaman og gefandi að vinna með unglíngunum okkar sem eru hæfileikaríkir, hugmyndaríkir og skemmtilegir. Höldum utan um þá, þá munu þeir halda áfram að blómstra í því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Jólakveðja.

Guðbjörg Ómarsdóttir forstöðumaður

Þrykkjunnar félagsmiðstöðvar í

Sveitarfélaginu Hornafirði.

Adisa Mesetovic verkefnisstjóri og Herdís I.

Waage tómsfundafulltrúi

Fögnum fjölbreytileikanum

Íslendingar búa vítt og breitt um heiminn og á Íslandi býr vaxandi hópur fólks af erlendum uppruna eins og við Hornfirðingar höfum orðið varir við. Með vaxandi þróun í átt að fjölmenningsarsamfélagi felast mörg tækifæri til að auðga og styrkja það sem fyrir er með því að nýta þekkingu og læra af menningu íbúa af erlendum uppruna. Til þess að það gerist þurfum við að skapa vettvang til samskipta.

Það sem af er ári hefur Sveitarfélagið Hornafjörður í gegnum starf verkefnastjóra fjölmenningar unnið markvisst að því að skapa slíkar aðstæður og bæta þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Hrunðið hefur verið af stað viðtæku samstarfi við fjölmarga aðila með það að markmiði að stofna og bæta tengingar innan samfélagsins okkar og hvetja til samræðna milli menningarhópa. Í samstarfi við Rauða krossinn er boðið upp á heimanámsaðstoð

fyrir grunnskólanemendur og sögustundir á bókasafninu þar sem lesið er fyrir yngri börn á mismunandi tungumálum. Bókasafnið mun auk þess verða með bókakassa frá Rauða krossinum og Iby (The International Board on Books for Young People) með barnabókum á fjölmörgum tungumálum.

Tungumálakaffi hefur farið af stað í Nýheimum í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands sem einnig sér um íslenskukennslu og að aðstoða fólk við að fá metið nám sem það hefur lokið erlendis. Hugmyndin með tungumálakaffi er að skapa aðstæður fyrir fólk til að hittast og æfa sig í að nota íslensku til samskipta. Loppumarkaðurinn í samstarfi við Hafíð er enn einn anginn af þessu starfi, en með honum er hugmyndin að skapa vettvang til félagslegra samskipta þar sem allir geta tekið þátt. Í menntateymi Nýheima var fókusinn settur á menntun



fólks af erlendum uppruna og mismunandi þarfir þeirra til náms. Leitað var til hóps fólks um að vera til ráðgjafar um hugmyndir að einingabæru námi t.d. í samstarfi við FAS, sem hentað gæti fullorðnu fólki af ólíkri menningu.

Loks er ótalið frumkvæði Grunnskóla Hornafjarðar um Hafnarhittinginn sem starfsfólk skólans stendur reglulega fyrir. Þessi hittingur hefur sannað gildi sitt sem vettvangur samskipta

þar sem hann hefur verið mjög vel sóttur frá upphafi.

Loks er vert að geta þess að þann 12. desember næstkomandi munu fulltrúar Rauða kross deildar Reykjavíkur halda námskeið fyrir sjálfbóðaliða í Nýheimum þar sem viðstaddir fá fræðslu um fjölmenningsartengd verkefni.

*Ragnhildur Jónsdóttir
fræðslustjóri*

**Aðventustundir í
Bjarnanesprestakalli**

- 7. des. Hofskirkja kl. 17:00
Kaffi í Hofgarði að lokinni aðventustund
- 8. des. Bjarneskirkja kl. 14:00
Kaffi í Mánagarði að lokinni aðventustund
- 9. des. Hafnarkirkja kl. 11:00
Aðventustund barnanna (jólabbal)
- 12. des. Kálfafellsstaðarkirkja kl. 18:00
- 12. des. Brunnhólskirkja kl. 20:00

Verið velkomin
Sóknarnefndir og
Prestarnir

Sjá nánar á www.bjarnanesprestakalli.is
og Facebook



Bæjarmálaráðgjafur með jólalegu ívafi

Bæjarfulltrúar og stjórn Sjálfstæðisfélagsins bjóða til bæjarmálaráðgjafar laugardaginn 8. desember kl. 11:00-13:00.

Í boði verða jólalegar veitingar og gott spjall um málefni sveitarfélagsins okkar og annað sem brennur á fólki.

Allir velkomnir



Opnunartímar í desember

Lokað verður föstudaginn 7 desember.

Frá 10. desember verður opið til kl. 18:00 á virkum dögum

Laugardagana 15. og 22. desember verður opið frá kl. 10:00 -16:00 .

Þorláksmessa frá kl. 10:00-14:00

Lokað verður milli jóla og nýárs

Opna aftur 2. janúar

Lokað verður frá 7. - 18. janúar

Kveðja Baldvin



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

HIN ÁRLEGA JÓLASAMVERUSTUND FeH verður **sunnudaginn 9. desember kl. 14:00** í **EKRUNNI**. Jóladaagskrá og glæsilegt kaffi -og kökuhlaðborð. Verið hjartanlega velkomin. Jólin koma senn!

Að lokinni samverunni er hægt að fá Viðburðadagatal FeH fyrir árið 2019 keypt á 1000 kr. stk. í forsal Ekrunnar. Dagatalið prýða gamlar myndir frá Hornafirði.



Jóla flóamarkaður

Markaðurinn verður haldinn
laugardaginn 8. desember á Hafinu,
Heppuvegi 5, frá kl. 12:00 – 15:00.

*Markaðurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins,
Hafsins og Hirdingjanna.*

Nafnasamkeppni

Umf. Sindri óskar eftir tillögum að nafni á nýja félagsheimilið að Hafnarbraut 15.

Á dögunum tók UMF. Sindri við allri fasteigninni að Hafnarbraut 15 af Landsbankanum. Stefnt er að því að þar verði félagsheimili UMF. Sindra með fundaraðstöðu og sal til að byggja upp félagsstarfið og skapa góðan félagsanda.

Í verðlaun fyrir besta nafnið á félagsheimilinu verður 15.000 kr. gjafabréf á Ósnum veitingastað.

Tillögum má skila inn með tölvupósti á tölvupóstfangið sindri@umfsindri.is eða með bréfpósti á „gamla“ Sindrahúsið að Hafnarbraut 25 merktum „Nafnasamkeppni“. Tillögum verður að skila inn í síðasta lagi fyrir 1. janúar 2019.



Sefur þú vel ?

Til að sofa vel þarf rúmið að vera gott.

Hjá okkur færð þú úrval af rúmum og dýnum í öllum stærðum og gerðum.

Erum með mikið úrval af fallegum og nýtsamlegum gjöfum í jólapakkann

Verið velkomin

**Opið á laugardögum
fram að jólum frá
kl. 13:00-15:00**

Húsgagnaval

Símar: 478-2535 / 898-3664
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00
Laugardaga kl. 13:00 - 15:00



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

ADVENT í Finnlandi

Eins og áður hefur komið fram í síðum Eystrahorns þá er Adventure tourism in vocational education and training (ADVENT) menntaverkefni sem FAS leiðir. Auk FAS eru þátttakendur í verkefninu Ríki Vatnajökuls, Rannsóknarsetur HÍ og skólar, rannsóknarstofnanir og ferðabjónustuklasar í Skotlandi og Finnlandi. Verkefnið er styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus+. Dagana 12. – 16 nóvember sl. héldu þau Sigurður Ragnarsson kennari fjallamennskunámsins í FAS, Brynja Sóley Plaggenborg nemandi í fjallamennskunámi skólans og Hulda L. Hauksdóttir verkefnastjóri ADVENT, til þátttöku í öðru námskeiði verkefnisins. Ferðinni var heitið til Kuusamo í norðaustur Finnlandi en sá bær er í nágrenni við Ruka sem er risavaxið skíðasvæði og eitt það vinsælasta í Evrópu, enda er þar að meðaltali hægt að renna sér á skíðum í 200 daga á ári. Svæðið heimsækja um milljón gestir á ári hverju til að stunda þar fjölbreytta vetrar afþreyingarferðamennsku. Námskeiðið var tilraunanámskeið númer tvö eins og áður segir, eitt af níu, sem prufukeyrt verður í ADVENT verkefninu. Verkefnintaskólinn í Kuusamo vann að þessu námskeiði sem snérist um staðarþekkingu og hvernig þjálfar má starfandi ferðabjónustuaðila og nemendur í ferðamála- og útivistarnámi í

að nýta slíka þekkingu í störfum sínum.

Auk Íslendinganna þriggja voru þrír ferðabjónustuaðilar frá Skotlandi, tveir frá Finnlandi auk 10 nemenda verkefnintaskólans í Kuusamo (KAO) þátttakendur í námskeiðinu. Sambærilegt námskeið verður í framhaldinu hægt að keyra í öðrum löndum, með svipuðum áherslum nema lagað að hverju svæði fyrir sig. Námskeiðið stóð í fimm daga og samanstóð af margvíslegri fræðslu um ferðamennsku, náttúru og sögusvæðisins auk fjölbreyttra heimsókna. Glæsileg móttökuathöfn var í svokölluðu „Wilderness lodge“ út í skógi sem var glæsilegur viðarskáli sem nýttur er fyrir veislur. Þar fékk hópurinn fróðlega kynningu á svæðinu og góðan mat sem nemendur á matreiðslubraut verkefnintaskólans höfðu útbúið fyrir þátttakendur.

Meðal þess sem skoðað var í vettvangsferðum var Husky hundabúgarður. Þar eru um 150 hundar sem notaðir eru í hundasleðaferðir með ferðamenn á veturna. Hreindýrabúgarður var heimsóttur, en þar hefur verið stundaður búskapur af sömu fjölskyldu í um 150 ár. Auk þess að stunda búskapur er ferðamönnum boðið upp á hinar ýmsu ferðir, á veturna eru það mestmegnis sleðaferðir þar sem hreindýr draga sleðann og á sumrin bjóða þeir fólki m.a. að koma að vinna með sér í búskapnum part úr



degi eða allt upp í eina viku. Skíðasvæðið í Ruka var heimsótt og einn af fimm þjóðgörðum í nágrenni Kuusamo, Oluanka þjóðgarðurinn var heimsóttur. Fyrirtæki sem býður fólki m.a. að fara í 3 mismunandi tegundir af alvöru finnsku gufubaði var heimsótt. Gufubað er alls ekki það sama og gufubað í Finnlandi, en þess má geta að um 330.000 gufuböð eru skráð í Finnlandi en einungis um 270.000 bílar. Hópurinn fékk ítarlega kynningu á gufubaðsmenningunni og leiðsögn í gufubaðinu sjálfu. Að því loknu borðaði hópurinn svo heimagerðan mat, eldaðan úr staðbundnu hráefni sem ábúendur höfðu aflað í nágrenni bæjarins.

Þriðja námskeið í ADVENT verkefninu verður haldið á

Íslandi í janúar og þá stendur til að prufukeyra námskeið um íshella og jöklaferðir. Nánar má lesa um ADVENT verkefnið á www.adventureedu.eu

Fyrir hönd ADVENT- teymisins
Hulda L. Hauksdóttir
verkefnastjóri



HÉRAÐSBÓKASAFN AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU BOÐAR YKKUR MIKINN FÖGNUM!

Hið árlega upplestrarkvöld Héraðsbókasafns Austur-Skaftafellssýslu verður haldið fimmtudaginn 6. desember klukkan 20:00 í Nýheimum.

Þar koma fram og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum:

Arndís Þórarinsdóttir - Nærbuxnaverksmiðjan
Arnþór Gunnarsson - Saga flugvallar og flugleiðsögu á Íslandi
Haukur Ingvarsson - Vistarverur
Kristín Svava Tómasdóttir - Stund klámsins - Klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar
Rúnar Helgi Vignisson - Eftirbátur

Kynnir verður Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur.

Léttar veitingar í boði.



Samverustundir Umhverfis Suðurland

Mikið hefur verið fjallað um neyslu, óþarfa og streytu undanfarið og er þá sérstaklega horft til hátíðanna sem framundan eru. Umhverfis Suðurland hvetur til samveru og notalegra stunda á aðventunni og leggur hér fram nokkrar hugmyndir að vistvænum föndurstundum sem hægt er að skipuleggja með fjölskyldu og vinum eða stærri hópum. Gaman er að segja frá því að í Gömlubúð á Höfn í Hornafirði er til dæmis boðið til jólastundar og kortagerðar með listamanni úr heimabyggð. Í kortagerðina verður notast við hráefni sem fallið hefur til af listastofu, heimili eða náttúru.



Aðrar hugmyndir að jólaföndri fyrir alla eru til dæmis:

Pokasæumur. Pokastöðvar eru starfrækar viðsvegar um landið og lítið mál að stofna slíka. Pokastöðvarnar sauma fjölnota taupoka úr gömlum stuttermabolum eða öðru efni og gefa samfélaginu til notkunnar í verslanir. Allir geta tekið poka, notað og skilað svo aftur út í samfélagið. Fjölnota taupokar er einnig hægt að nýta í vistvænar gjafaumbúðir um jólin.

Kertagerð úr afgangi vaxi er skemmtileg afþreying en einnig er hægt að gefa heimatilbúna kerti í jólagjafir, ef til vill eiga fyrirteki á svæðinu kertaafganga sem hægt væri að nýta. Steypa má kerti í krukkur eða annað sem til er á heimilinu.

Jólakransagerð úr könglum og gömlu eða heimatilbúna skrauti er fallett að hengja á útidyrhurðina. Karamellukransarnir eru alveg dottnir úr tísku með öllum sínum umbúðum.

Heimatilbúðið jólaskraut má búa til úr ýmsum hlutum sem finnast á heimilinu. Þurrkaðar epla- og appelsínusneiðar fara vel á jólatrjám og krönsum og poppkorn þrædd á þráð minna á snjókörn. Ilmurinn af negulskeyttum appelsinum minnir marga á jólin og er lítil fyrirhöfn.

Gaman væri að sem flestir leyfi sköpunarkröftum sínum að njóta sín á aðventunni og skipuleggi viðburði fyrir fleiri að njóta með sér. Hafir þú eða þinn félagsskapur áhuga á að skipuleggja vistvænan viðburð hafið endilega samband við Umhverfis Suðurland og munið eftir [#umhverfissuðurland](#)



Jólasýning með Einari Mikael

Föstudaginn 7. desember í Sindrabær klukkan 19:30

Miðaverð: 1.500 kr.

Miðar seldir við innganginn

10 fyrstu fá gefins töfradót



urta.islandica
TEBÚÐ - TEASHOP

HAFNARBRAUT II

OPIÐ LAUGARDAGA
FRAM AÐ JÓLUM
frá 13 - 16

Almennur opnunartími
13-17 virka daga

VERTU VELKOMIN!



Við sérhæfum okkur í framleiðslu úr úr íslenskum jurtum og berjum.

Kryddið á jólasteikina, saltið á kartöflurnar, kexið með ostunum, sýróp með eftirréttinum, jurtate fyrir góðu kvöldstundirnar.

Jólagjafir fyrir fjölskylduna.



Njóttum íslenskrar náttúru um hátíðirnar.



Instagram@urtafamily
facebook.com/urta.is
www.urta.is

Ökukennsla - S: 855 0580



Núna er ég að klára ökukennaranám sem ég hef verið í s.l eitt og hálf ár og er byrjaður að skrá nemendur en ég byrja kennslu um miðjan desember.

Endilega hafið samband en ég er með fésbókarsíðuna: lærakeyra og netfangið: johannkennsla@gmail.com.

Kærar kveðju
Jóhann Hilmar Haraldsson, ökukennari

DANSLEIKUR Í SINDRABÆ

Karíakórinn Jökull
heldur dansleik í Sindrabæ
laugardaginn 8. desember kl. 22:00 - 01:30
Aðgangseyrir 2500 kr

JAFNRÉTTISDAGAR Á HORNAFIRÐI

6. DESEMBER - SAMTÖKIN '78.

Hinsegin fræðsla frá
Samtökunum '78
fyrir nemendur á skólatíma



8. DESEMBER - AMNESTY INTERNATIONAL

• Bréf til bjargar lífi á Jóla - flóamarkaði á
Hafinu
kl. 12:00 - 15:00

Bíósýning í Nýheimum:
„He Named me Malala“ kl. 17:00
Allir velkomnir



II. DESEMBER - LJÓÐAKVÖLD LEIKFÉLAGS HORNAFJARÐAR

Ljóðalestur í jafnréttisanda
Nýheimar kl. 20:00
Allir velkomnir



EIRÍKUR HAUKS

RAKEL PÁLS

UNNUR BIRNA

REGÍNA ÓSK

GLÆSILEGIR TÓNLEIKAR
Í ÍÞRÓTTAÚSINU Á HÖFN
15 DESEMBER KL 20:00

Jólin til þín

MIDAVEÐ 5990.-
MIDASALA Á midi.is



Velkomin í nýtt útibú

Landsbankinn hefur opnað nýtt og glæsilegt útibú við Hafnarbraut 36. Þar er nú til húsa öll starfsemi Landsbankans fyrir íbúa á Höfn í Hornafirði og í nærsveitum.

Aukin þjónusta

Útibúið er hannað með það að leiðarljósi að efla þjónustu við viðskiptavinum enn frekar og gera hana fjölbreyttari og nútímalegri.

Meiri sjálfsafgreiðsla

Við kynnum nýja hraðbanka með fleiri möguleikum í sjálfsafgreiðslu sem er aðgengileg allan sólarhringinn. Í þeim er veitt öll helsta þjónusta sem gjaldkerar veita.

Við bjóðum ykkur velkomin í nýtt útibú við Hafnarbraut 36.

